



Póst og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Sauðárkróki 11. apríl 2014

**Athugasemdir Bygðastofnunar við „Umræðuskjal
um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að
útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið“**

Í eftirfarandi svörum eru reifuð sjónarmið Bygðastofnunar í fjarskiptamálum, að því leyti sem spurningar PFS gefa tilefni til. Til hægðarauka er efnisyfirlit umræðuskjalsins látið halda sér og spurningar og svör felld inn á viðeigandi stöðum.

Stofnunin telur það framtak að birta umræðuskjal þetta vera til fyrirmyndar og væntir þess að mörg verðmæt sjónarmið muni líta dagsins ljós þegar hagsmunaaðilar hafa komið athugasemdum sínum á framfæri.

Áður en einstökum spurningum er svarað vill Bygðastofnun koma eftirfarandi á framfæri. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003, svo og í þingsályktunum um fjarskiptaáætlanir til 12 ára og til 4 ára, kemur mjög greinilega fram sá vilji Alþingis að lögð sé áhersla á aðgengi landsmanna að fjarskiptum og meðal annars að öllum landsmönnum verði tryggð jöfn aðstaða til að nýta sér möguleika upplýsingatækni. Enn fremur að í fjarskiptaáætlun skuli lögð áhersla á að stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaðróun. Öll umfjöllun og aðgerðir í þessum málaflokki þurfa því ekki síst að taka mið af ofanrituðu. Með það í huga eru einkum tvö meginatriði sem eiga við alla umræðu í þessu skjali og þarfnast sérstakrar athygli.

Í fyrsta lagi er mjög óheppilegt að í núverandi lögum um fjarskipti, frá 2003, er miðað við að hluti alþjónustu sé gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Það má vera ljóst öllum sem um fjarskiptamál fjalla að þessi viðmiðun er með öllu úrelt og að notandi með 128 Kb/s tengingu er litlu betur settur varðandi gagnaflutning en hefði hann enga tengingu og að aðgerðir sem byggja á þessu viðmiði verða marklitlar. Því er spurning hvort ekki er nauðsynlegt strax í upphafi að setja ný viðmið um burðargetu tenginga, svo sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur leyfi til samkvæmt 5. málsgrein 19. greinar laga um fjarskipti. Lágmarksviðmið þyrftu að vera skilgreind í samræmi við þingsályktun um fjarskiptaáætlun 2011-2022 að minnsta kosti. Raunar er bent á nauðsyn þess að endurskoða viðmiðið í kafla 2, neðst á blaðsíðu 9. í umræðuskjali PFS.

Í öðru lagi virðist öll umfjöllun skjalsins byggja á þeim útgangspunkti að væntanlegur alþjónustuveitandi, notendur, jöfnunarsjóður alþjónustu og jafnvel sveitarfélög, muni bera allan kostnað við tengingar, það er þær tengingar sem á annað borð eru taldar framkvæmanlegar með

tilliti til kostnaðar. Byggðastofnun telur þvert á móti að þetta sé ekki í samræmi við vilja Alþingis sbr. ofanritað, þar sem lögð er áhersla á jöfnuð varðandi nettengingar (fjarskipti). Það er skoðun Byggðastofnunar að viðunandi ástand (einkum þróun tenginga þar markaðsbrestur er, dulinn og ódulinn) verði ekki tryggt nema með verulegum fjármunum frá hinum opinbera á næstu örfáum árum.

Aðstöðumunur á milli þéttbýlis og ákveðinna landshluta hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og því hraðar sem tækninni fleygir fram. Af þeim sökum er mikilvægt að grípa til aðgerða sem allra fyrst þar sem staðan er erfiðust, með það fyrir augum að samkeppnishæfni þeirra svæða skerðist ekki frekar en orðið er.

Starfsmenn Byggðastofnunar eru reiðubúnir að koma á fund stofnunarinnar til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum hennar sé þess óskað.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1 Almenn	3
1.2 Fjarskiptaáætlun fyrir Evrópu (Digital Agenda for Europe)	5
1.3 Fjarskiptaáætlun Alþingis	6
1.4 Um gjaldskráreftirlit PFS og hámarksgjaldskrá innan alþjónustu	7
1.5 Um kostnað vegna tengingar	7
1.6 Gildandi fyrirmæli og tilgangur umræðuskjals PFS	7

Spurning 1

Ert þú sammála ofangreindum sjónarmiðum í tengslum við hugsanlega útnefningu alþjónustuveitanda með skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu?

Svar: Já, að því gefnu að m.a. tillögur um kostnaðarskiptingu verði endurskoðaðar og að tryggt verði viðbótarfjármagn frá ríki til að greiða fyrir tengingum á svæðum sem talin eru búa við markaðsbrest.

Eru einhverjir aðrir þættir sem PFS ber að líta til í útnefningarferlinu?

Svar: Já. Í þessu samhengi er brýnt að endurmeta hvaða svæði teljast búa við markaðsbrest og m.a. þarf að tryggja að alþjónustan nái bæði til þeirra svæða sem Fjarskiptasjóður hefur beitt sér á en ekki síður til þeirra svæða sem Fjarskiptasjóður hefur ekki talið sig geta komið inn á vegna þess að þar starfa staðbundin fjarskiptafyrirtæki (dulinn markaðsbrestur). Raunhæfasta viðmið um markaðsbrest er hugsanlega að horfa á það hvaða svæði hafa ekki notið öflugra og varanlegra fjarskiptatenginga stóru fyrirtækjanna fram að þessu. Einnig þarf að marka stefnu um það hvernig PFS og væntanlegur alþjónustuveitandi koma til með að haga sér gagnvart ofangreindum staðbundnum fjarskiptafyrirtækjum, sem mörg hver hafa lagt verulega mikið af mörkum varðandi bættu samkeppnisaðstöðu viðkomandi héraða.

2. Um nauðsyn alþjónustu	8
--------------------------------	---

3. Útnefning alþjónustuveitanda	10
---------------------------------------	----

Spurning 2

Ertu sammála þeim sjónarmiðum sem PFS hyggst leggja til grundvallar við val og útnefningu á alþjónustuveitanda?

Svar: Já.

Er einhver önnur leið fær til að tryggja notendum aðgang að almenna fjarskiptanetinu, en að leggja kvöð á útnefndan alþjónustuveitanda samkvæmt reglum um alþjónustu?

Svar: Byggðastofnun telur að það þurfi að fara saman kvöð á útnefndan alþjónustuveitanda og verulegir fjármunir frá hinu opinbera ef takast á að byggja gagnaflutningsnet upp með fullnægjandi hætti og innan hæfilegs tíma. Athuga ber í þessu sambandi að núverandi skilgreining á flutningshraða vegna alþjónustu (128 Kb/s í lögum frá 2003) er úrelt, eins og bent hefur verið á, og hefur lítinn tilgang í umræðu umframtiðarskipan mála ef frá er talin hefðbundin tenging talsíma.

Ertu sammála því mati/aðferðarfræði PFS að útnefna alþjónustuveitanda eingöngu á þeim svæðum þar sem ekki ríkir samkeppni í heimtauganetinu?

Svar: Já, að því gefnu að farið verði sérstaklega yfir mat á því hvað telst markaðsbrestur, það er að þau svæði sem undanskilin eru búi sannanlega við öfluga þjónustu á raunverulegum markaðsforsendum en að þar sé ekki dulinn markaðsbrestur.

4. Það tímabil sem útnefningin tekur til	11
--	----

Spurning 3

Hvert er þitt álit á þeim atriðum sem reifuð eru hér að ofan, varðandi mat á því hver væri hæfilegur gildistími kvaðar um að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, og um heimild PFS til að endurskoða einstaka útfærslur á alþjónustukvöðinni t.d. kostnaðarhlutdeild?

Svar: Byggðastofnun telur áætlaðan gildistíma kvaðar eðlilegan, enda verði þörf fyrir kvaðir endurskoðuð við lok tímabils. Það að tímabilið er tiltölulega stutt má þó ekki verða til þess að aðgerðir á tilteknum svæðum verði látnar bíða fram yfir lok tímabilsins. Ekki er óeðlilegt að einstakir þættir útnefningar verði skoðaðir og hugsanlega teknir upp ef forsendur breytast verulega. Varast ber þó að of rúm endurskoðunarákvæði verði til þess að leysa alþjónustuaðila undan skyldum sínum gagnvart „dýrum“ svæðum eða að notendur þeirra og/eða sveitarfélög beri óeðlilega þungar byrðar varðandi kostnað. Telur Byggðastofnun að það þurfi að vera skýrt hvert hlutverk alþjónustuveitanda annars vegar og jöfnunarsjóðs hins vegar er varðandi kostnað, auk þess kostnaðarhlutar sem óhjákvæmilega lendir á hinu opinbera. Núverandi staða þar sem skortur á úrræðum fyrir dreifbýli m.a., hefur tilviljanakennt rekið sveitarfélög og ýmsa aðra aðila til framkvæmda, er mjög líkleg til að leiða til frekara misræmis í þjónustu og kostnaði við hana.

5. Aðgangur að föstum aðgangsnetum (heimtaugum)	13
5.1 Yfirlit yfir þróun á markaði	13
5.2 Stofngjöld og mánaðargjöld fyrir ljósleiðaratengingar.....	15
5.3 Samanburður á stofngjöldum fyrir ljósleiðaratengingar og stofngjöldum rafmagns og hitaveitu	16

5.3.1 Um gjaldskrá RARIK fyrir heimtaugar í þéttbýli og byggðarkjörnum	16
5.3.2 Um gjaldskrá RARIK fyrir heimtaugar í dreifbýli	16
5.4 Alþjónusta og ljósleiðaratengingar	17
5.5 Lagning, viðhald og endurnýjun heimtauga í alþjónustu	18
5.5.1 Mismunandi útfærsla kvaða og forræði yfir netuppbyggingu	19
5.5.2 Nýlagning (e. greenfield)	20
5.5.3 Viðhald á heimtaugum (viðgerðir og bilanir).....	20
5.5.4 Endurnýjun heimtauga	20
5.5.5 Skylda til þrautavara	22

Spurning 4

Telur þú að útfærsla kvaðarinnar m.t.t. framangreindra mismunandi forsenda skynsamlega?

Svar: Bæði og. Skýra þarf með mjög ákveðnum hætti hvaða net teljast fullnægjandi til framtíðar þegar metið er hvort þörf sé á alþjónustukvöð, jafnvel þyrfti að setja fastar tengingar ljósleiðara sem lágmark í þessu sambandi. Hér er lykilatriði að viðmið alþjónustu 128 Kb/s hefur enga raunhæfa þýðingu varðandi fjarskipti. Byggðastofnun telur nálgun sem lýst er í köflum 5.5.2 og 5.5.3 um nýlagningu og viðhald heimtauga vera skynsamlega að því gefnu að viðmið um nettengingu (fastanet) sé fullnægjandi sbr. ofanritað. Hins vegar hefur stofnunin efasemdir um útfærslu þegar kemur að nýlagningu ljósleiðara, einkum til notenda í meira en nokkur hundruð metra fjarlægð frá sírstöð sem gefur möguleika á VDSL/ADSL tengingum. Í raun þarf notandi í dreifbýli að hafa sama rétt til alþjónustukvaðar varðandi ljósleiðaratengingar, hvort sem hann hefur koparheimtaug einhverjum árum lengur eða skemur, í ljósi þess að koparheimtaugin nýtist honum ekki til netfjarskipta. Við þetta bætist að Byggðastofnun telur að stíga þurfi varlega til jarðar í að leggja kostnaðarmun í tengingum fjarskiptanets á herðar notandans, sbr. umfjöllun um nálgun RARIK í kafla 5.3. Endurnýjun fjarskiptanets er eðlileg endurnýjun lagnanets sem áður var á hendi hins opinbera og það er mjög íþyngjandi varðandi búsetu að þurfa að borga margfalt verð í dreifbýli á við verð í þéttbýli, fyrir grunnþjónustupátt sem í dag telst alger forsenda búsetu og atvinnu. Það yrði mjög á skjön við þau markmið fjarskiptaáætlunar er snúa að jöfnun á aðstöðu landsmanna þegar kemur að fjarskiptum.

5.6 Tæknilegt hlutleysi	22
-------------------------------	----

Spurning 5

Hvert er þitt álit á þeirri tillögu PFS hér að ofan að útnefna Mílu ehf. áfram sem alþjónustuveitanda að því er varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið á þeim stöðum þar sem fyrirtækið er eitt á markaðnum og á þeim svæðum þar sem markaðsbrestur hamlar því að aðgangsnetið verði endurnýjað á viðskiptalegum forsendum?

Svar: Byggðastofnun tekur undir þau rök PFS að heppilegt sé að velja það fyrirtæki sem líklegast sé til að geta sinnt verkefninu með fullnægjandi hætti og miðað við að fullnægjandi fastri tengingu við almenna fjarskiptanetið verði komið upp. Með fullnægjandi tengingu er hér átt við tengingu sem ber háhraðanet (100 Megabita hraða að lágmarki árið 2022 sbr. fjarskiptaáætlun).

Eru aðrir þættir en ofangreindir, sem rétt væri að taka til skoðunar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar þegar kemur að útnefningu nýs alþjónustuveitanda á sviði tengingar við almenna fjarskiptanetið?

Svar: Byggðastofnun leggur til að varlega verði farið í að víkja frá þeirri meginreglu að endurnýjun aðgangsneta verði með því að skipta kopartengingum út fyrir ljósleiðara. Eðli máls samkvæmt er og verður þráðlaus tækni viðkvæmari fyrir truflunum og nægir að nefna að verði bilun í útsendingarbúnaði á fjöllum í vondum veðrum (sem einmitt er langlíklegast) getur verið ómögulegt að koma viðgerðum við, jafnvel svo dögum skiptir. Með öðrum orðum, þó réttlæt看anlegt kunni að vera að treysta á þráðlausa sendingu til skamms tíma eða heim á einstaka bæi sem eru langt frá öllum tengibrautum, þá er óviðunandi að heil héruð verði þannig lítt eða ekki tengd við fastanetið eða sitji uppi með úrehtar eða engar fastar tengingar.

5.7 Kostnaðarþátttaka og skipting kostnaðar	23
5.7.1 Almennt	23
5.7.2 Núverandi reglur um skiptingu kostnaðar	24
5.7.3 Norska leiðin	25
5.7.4 Skipting kostnaðar á milli alþjónustuveitanda, notanda og jöfnunarsjóðs alþjónustu .	26
5.7.5 Aðrar leiðir?	27

Spurning 6

Miðað við ofangreinda umfjöllun hvaða leið telur þú að sé vænlegust til að stuðla að endurnýjun á aðgangsneta á þeim svæðum þar sem talið er að markaðsbrestur sé til staðar?

Svar: Byggðastofnun er sammála álitum PFS og telur núverandi reglu og norsku leiðina ófæra vegna þess mikla kostnaðar sem lagður er á notendur á þeim svæðum sem þegar hafa orðið útundan í þróun tenginga. Af þeim leiðum sem hér eru reifaðar stendur því aðeins leiðin um skiptingu kostnaðar á milli alþjónustuveitanda, notanda og jöfnunarsjóðs eftir. Stofnunin telur hins vegar að breyta þurfi þeirri útfærslu sem kemur fram í kaflanum, sjá svar við spurningunni hér á eftir.

Eru einhverjar aðrar leiðir sem koma til greina en þær þrjár sem PFS hefur reifað?

Svar: Skipta þarf kostnaði þannig að minna falli á notanda og að ekki sé reiknað með framlagi frá sveitarfélögum nema þau óski sérstaklega eftir því, svo sem til að flýta tilteknum framkvæmdum sem þó yrðu komnar á áætlun hjá alþjónustuveitanda í samráði við PFS. Í meginatriðum byggir sú nálgun sem Byggðastofnun mælir með á því að hið opinbera komi með verulegt framlag (sérstakt framlag samþykkt af Alþingi eða framlag frá Fjarskiptasjóði) til uppbyggingar fastanetsins þegar á árinu 2014 og næstu ár þar á eftir, sem kæmi til viðbótar framlögum úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Byggðastofnun telur að öðrum kosti muni ekki nást markmið um uppbyggingu á erfiðari svæðunum, þeim svæðum sem búa við markaðsbrest, dulinn eða ódulinn. Nánar er fjallað um hugsanlega kostnaðarskiptingu í svörum Byggðastofnunar við spurningum í viðaukanum.

5.7.6 Skilgreining á svæðum eftir kostnaði við uppbyggingu á tengingum	27
5.8 Skilyrði fyrir framlagi úr jöfnunarsjóði	27
5.8.1 Forsendur fyrir fyrirfram skilyrðum	27

5.8.2 Almenn skilyrði	28
-----------------------------	----

5.8.3 Sérstök skilyrði	28
------------------------------	----

Spurning 7

Ert þú sammála ofangreindum skilyrðum sem reifuð eru hér að ofan varðandi umsóknir um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

Svar: Já, almennt er Byggðastofnun sammála því að nota ofangreind skilyrði, þó með þeim breytingum að hlutur notenda verði lægri (sbr. svar við spurningu 2 í viðauka hér að neðan) og að sérstakt aukaframlag komi frá ríkinu eða sjóði á þess vegum til að standa straum af kostnaði umfram gjald notanda og framlag jöfnunarsjóðs.

Eru einhver önnur skilyrði sem þú telur að eigi að vera sett að því er varðar umsóknir um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu?

Svar: Nei, Byggðastofnun telur sig ekki hafa forsendur til að mæla með frekari skilyrðum.

Viðauki	31
---------------	----

Spurning v1

Telur þú eðlilegt að sett sé þak á hámarkskostnað alþjónustuveitanda?

Svar: Já

Telur þú eðlilegt að þak á hámarkskostnað alþjónustuveitanda við lagningu nýs aðgangsnets (ljósleiðaranets) sé 500.000 kr. að meðaltali á hverja heimtaug? Ef ekki, hver ætti hámarkskostnaðurinn að vera, vinsamlegast rökstyðjið svarið?

Svar: Já, það er eðlilegt og mikilvægt að hvetja alþjónustuveitanda til nýlagna og endurnýjunar, enda komi til sérstakt framlag frá ríki til jöfnunarsjóðs alþjónustu eða til beinnar kostnaðarþátttöku (t.d. gegn um Fjarskiptasjóð) til að mæta kostnaði við tengingar umfram 500.000 króna markið og umfram þegar áætlað framlag jöfnunarsjóðs alþjónustu sbr. mynd nr. 2 í 1. kafla viðauka við umræðuskjal.

Ert þú sammála þeirri nálgun PFS að allur kostnaður sem fer yfir 500.000 kr., á hverja heimtaug, að meðaltali á einhverju svæði, sé ósanngjörn byrði í skilningi 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga og eigi þess vegna að vera borinn af öðrum aðilum en alþjónustuhafa?

Svar: Já, enda þurfa að koma til auknir fjármunir frá hinu opinbera samanber fyrri svarlið við spurningu 1. Mjög mikilvægt er að byrðar notenda verði ekki of miklar í þessu sambandi.

Ert þú sammála því að skipta uppbyggingunni upp m.v. mörk sveitarfélaga, þannig að meðaltalskostnaður innan sveitarfélagsins verði lagður til grundvallar. Ætti að hafa mörkin stærri, t.d. sýslu eða landsfjórðung?

Svar: Nei. Kostnaðarviðmið eftir sveitarfélagamörkum er að mati Byggðastofnunar óheppilegur kostur. Í fyrsta lagi mismunar það mönnum eftir búsetu á landinu. Í öðru lagi er dreifing byggðar innan sveitarfélaga mjög misjöfn eftir sveitarfélögum og kostnaður þeirra, og/eða notenda því líklegur til að vera misjafn eftir sveitarfélögum. Í þriðja lagi er fjárhagsleg geta sveitarfélaga misjöfn og í fjórða lagi breytast mörk sveitarfélaga (við sameiningu) með tímanum. Byggðastofnun telur eðlilegast og sanngjarnast að miða við landið í heild.

Spurning 2

Telur þú að þau viðmiðunarmörk sem hér eru reifuð varðandi kostnaðarþátttöku notanda vera sanngjarna og eðlilega?

Svar: Nei. Byggðastofnun telur það ekki í anda fjarskiptalaga og fjarskiptaáætlunar um jafna möguleika landsmanna á aðgangi að fjarskiptanetinu að leggja svo þunga byrði á notendur á strjálbýlli (dýrari) hluta landsins. Hér þarf sem fyrr segir sérstakt átak og fjármuni hins opinbera,

umfram það sem jöfnunarsjóður alþjónustu getur veitt með fjármunum sem fengnir eru með álögum á greinina. Byggðastofnun hefur ekki forsendur til að mæla með tilteknu hámarki á kostnaðarhlut notanda, en telur að það sé ósanngjarnt að margfalt dýrara verði að tengjast í dreifbýli heldur en í þéttbýli. Ætla má að hámark að upphæð 300.000 kr. geti orðið mjög hár þroskuldur fyrir notendur og sé líklegt til að auka enn frekar á mun á samkeppnishæfni dreifbýlis og þéttbýlis. Annað er að Byggðastofnun telur það ekki alls kostar heppilegt að bera saman stofnkostnað við heimtaug rafmagns, vatns eða hitaveitu annars vegar og fjarskipta hins vegar. Í fyrrnefnda tilvikinu má líta svo á að um hluta stofnkostnaðar húsnæðis sé að ræða og að notandinn sé meðvitaður um hann þegar búseta er ákveðin. Í síðara tilvikinu er um að ræða endurnýjun heimtaugar vegna fjarskipta sem notandi gekk út frá að væri og yrði í lagi, þegar búseta var ákveðin eða hús byggt, en ekki að þjónusta myndi versna frá því sem var, með tilliti til þróunar í tölvutækni og opinberri þjónustu m.a. Um aðkomu sveitarfélaga er það að segja að vitanlega er ekki hægt að útiloka að fjársterk sveitarfélög grípi til ráðstafana til að flýta fyrir uppbyggingu/endurnýjun fjarskiptanets. Hins vegar sýnir taflan í kafla 2.2. í viðaukanum einkum hversu brýn þörf til úrbóta er orðin og að mikið hefur skort á markaðsforsendur/fjármuni til uppbyggingar fjarskiptanets víða um land fram að þessu, frekar en að hún sýni fram á að þátttaka sveitarfélaga sé vænleg eða sanngjörn leið. Hvað varðar hugmynd um að notendur geti lagt fram vinnu og búnað, þá er hún allra góðra gjalda verð og líkleg til að geta flýtt fyrir og/eða lækkað kostnað við einstaka heimtaugar sem ella yrðu illframkvæmanlegar vegna kostnaðar.

Spurning 3

Finnst þér eðlilegt að þeir sem búa á svæði 4 beri sjálfir þann kostnað við endurnýjun heimtauga, sem fer yfir þau viðmiðunarmörk sem fjallað er um í köflum 2.1 til 2.3?

Svar: Nei. Jafnframt telur Byggðastofnun mjög æskilegt að viðmiðunarmörk um kostnað notanda væru lægri, sbr. svör við fyrri spurningum.

Ef ekki, hvernig á að fjármagna slíkar framkvæmdir?

Svar: Óhjákvæmilegt er að fjárveitingavaldið leggi sérstaka og verulega fjármuni í uppbyggingu fastanets fyrir fjarskipti, umfram það sem greinin getur sjálf borið í gegn um jöfnunarsjóð alþjónustu.

Spurning 4

Telur þú eðlilegt að sett sé hámark á hvað einstök tenging má kosta sem fjármögnuð yrði að hluta úr jöfnunarsjóði alþjónustu, þ.e. 500.000 kr. meðaltal fyrir hverja tengingu og að heildarbyrði fjármögnunar jöfnunarsjóðs verði að hámarki 0,5% af bókfærðri veltu fjarskiptamarkaðarins?

Svar: Já, það er eðlilegt að setja hámark á kostnað tengingar og miða tengiskyldu við tengikostnað alls að tiltekinni upphæð. Að mati Byggðastofnunar er þó rétt að kanna möguleikann á að hafa hámarksupphæð mun hærri en 1.300.000 kr. Mismunurinn, að frádregnu hámarksframlagi jöfnunarsjóðs alþjónustu og hæfilegu gjaldi notandans sbr. ofanritað svar (Sp. 2), verði greiddur með sérstökum átaksfjármunum sem Alþingi heimili greiðslu á.

Telur þú eðlilegt að heimilt verði að undanskilja dýrustu tengingar innan hvers svæðis, t.d. þær sem kosta yfir 3.000.000 kr. á svæðum þar sem eru færri en 200 tengingar?

Svar: Já, Byggðastofnun telur eðlilegt að undanskilja allra dýrustu tengingarnar á landsvísu og rétt sé að setja mörk, bæði hvað varðar hámarks-kostnað og fjölda tenginga á tilteknu svæði. Byggðastofnun telur þó að upphæðin þyrfti að vera hærri en sú sem hér er nefnd og viðmiðun í fjölda tenginga lægri. Mikilvægt er að Póst- og fjarskiptastofnun kortleggi stöðuna hvað þetta varðar sem allra fyrst.

Ef svo er, telur þú að það ætti að miða við önnur kostnaðar- eða fjöldamörk?

Svar: Já. Samanber svar við fyrri hluta spurningar 4 er lagt til að miðað verði við hærri heildarkostnað, enn fremur verði miðað við verulega færri tengingar en 200 og þannig verði þess freistað að tengja sem flest heimili og vinnustaði með viðunandi hætti. Þetta er að sjálfsögðu ritað með þeim fyrirvara að Byggðastofnun hefur ekki nægar upplýsingar í höndunum á þessu stigi til þess að greina hvaða landssvæði nákvæmlega koma til með að falla utan alþjónustukvaðar, né heldur fjölda notenda á þessum svæðum.

Fyrir hönd Byggðastofnunar



BYGGÐASTOFNUN

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri